



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík, 6. mars 1996.

Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/966
komudagur 7/3 1996

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa, 189. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dagsett 14. febrúar 1996, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreinda þingsályktunartillögu.

Fjallað var um þingsályktunartillöguna á fundi framkvæmdastjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 2. mars síðastliðinn. Niðurstaða fundarins var að mæla með því að tillagan fengi jákvæða afgreiðslu á Alþingi, enda er tekið undir það sjónarmið að bætt merking þilfarsfiskiskipa auki öryggi sjómanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson,
framkv.stj. FFSÍ